



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastaðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

Sérstök áhersla er lögð á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna

Í úthlutuninni er lögð áhersla á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins og „Áhættumat framkvæmda“ sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is, á umsóknartíma.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna.

Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 7. október til kl. 13 þriðjudaginn 4. nóvember. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

 Geirsgata 9,
101 Reykjavík
 www.ferdamalastofa.is

 framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is